

Nd.

143. Frumvarp

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson.

Takmörk verslunarlóðarinnar í Hnífsdal eru að innan landamerki Hnífsdals og Ísafjarðarkaupstaðar, að ofan lína yfir þveran Hnífsdal, um svo nefndan Einarshrygg, og að utan bein lína á land upp frá svo nefndu Skarfa-
skeri.

Ástæður.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Eyrarhreppi, þar sem Hnífsdalur liggur. Hnífsdalur er blómlegt sjávarþorp, sem stækkað hefir mjög hin síðustu ár. Hann var löggiltur 1907, en verslunarlóðin er orðin alt of lítil, enda eru þar nú 5 verslanir.